

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Veiðifélag Mývatns

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006  
um lax- og silungsveiði:  
Ásgeir Magnússon dómstjóri  
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi  
Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2018, fimmtudaginn 6. desember kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mætt voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

### **Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Mývatns.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## **úrskurður:**

### **1. Beiðni um mat**

Með bréfi, dags. 7. mars 2013, fóru Guðrún María Valgeirsdóttir, sem einn eigenda Reykjahlíðar 1, Jón Ingi Hinriksson, sem einn eigenda Voga 3, og Birna Björnsdóttir, eigandi Haganess, fram á við matsnefnd að hún endurskoðaði arðskrá fyrir Veiðifélag Mývatns, sbr. 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga. Með úrskurði sínum, uppkveðnum 26. september 2013, komst matsnefnd að þeirri niðurstöðu að vísa bæri málinu frá nefndinni á þeirri forsendu að þegar eigendur að jörð með veiðirétt væru fleiri en einn yrðu allir eigendur hennar að standa saman að slíkri beiðni. Þar sem matsbeiðnin hefði einungis verið sett fram af hálfu hluta eigenda þriggja jarða teldist hún ekki uppfylla skilyrði 4. og 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006.

Matsbeiðendur lýstu því í bréfi til matsnefndar, dags. 7. október 2013, að í framangreindri beiðni hefði ranglega verið farið með eignarhald jarða þeirra. Hið rétta sé að Guðrún María Valgeirsdóttir sé ein eigandi lögbylisins Reykjahlíðar 1. Birna Björnsdóttir sé ein eigandi jarðarinnar Haganess. Jón Ingi Hinriksson sé einn eigenda að Vogum 3. Að fengnum þessum upplýsingum komst matsnefnd að þeirri niðurstöðu að frávísunarúrskurðurinn skyldi endurupptekinn þar sem hann hefði byggst á röngum upplýsingum og að matsbeiðnin skyldi tekin til efnismeðferðar.

Í kjölfar framangreinds fór matsnefnd fram á það við veiðifélagið með bréfi, dags. 12. maí 2014, að nefndinni yrðu send nauðsynleg gögn vegna matsins. Var sú beiðni ítrekuð við þáverandi formann veiðifélagsins með bréfum, dags. 29. september 2014 og 13. maí 2015. Í kjölfar síðastgreinds bréfs nefndarinnar bárust henni upplýsingar um að vinna væri farin af stað af hálfu veiðifélagsins við öflun gagna, þ. á m. við gerð bakkalengdarmælingar, en það var ekki fyrr en á árinu 2017 sem nægileg gögn höfðu borist matsnefnd þannig að unnt væri að boða til fyrstu fyrirtöku í málinu.

### **2. Matsfundur og vettvangsganga**

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 20. september 2017 í Selhóтели við Mývatn. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins, en engar

athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Mývatns.

Nokkur umræða varð á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum mestan hluta þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

Vettvangsganga var farin í kjölfar framangreinds fundar hinn 20. september 2017. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd á tilgreindum stöðum og voru aðstæður þar skoðaðar sérstaklega.

### **3. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélag Mývatns. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 1084/2007, sem staðfest var af Landbúnaðarstofnun 1. nóvember 2007 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 21. sama mánaðar.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinnna jarða og landareigna sem land eigi að Mývatni og takmarkist félagssvæðið af strandlengju Mývatns, Grænalækjaróss við Arnarbæli og Rifinu milli Haganeslands og Geirastaðalands. Jarðirnar eru eftirtaldar:

Álftagerði 1, Álftagerði 2, Álftagerði 3, Álftagerði 4, Bjarg, Björk, Borg, Garður 1, Garður 2, Nónbjarg, Geirastaðir, Geiteyjarströnd 1, Geiteyjarströnd 2, Geiteyjarströnd 3, Grímsstaðir 1, Grímsstaðir 2, Grímsstaðir 3, Grímsstaðir 4, Haganes, Kálfaströnd 1, Kálfaströnd 2, Reykjahlíð 1, Reykjahlíð 2, Reykjahlíð 3, Reykjahlíð 4, Reynihlíð, Víðihlíð, Skútustaðir 1, Skútustaðir 2, Skútustaðir 3, Syðri-Neslönd, Vagnbrekka, Vindbelgur, Vogar 1, Vogar 2, Vogar 3, Vogar 4 og Ytri-Neslönd.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

### **4. Upplýsingar um Mývatn**

Fyrir liggja skýrslur Veiðimálastofnunar og síðar Hafrannsóknastofnunar um silungsrannsóknir í Mývatni. Þar kemur m.a. fram að vatnið er í 277 m hæð yfir sjávarmáli og flatarmál þess er um 37 km<sup>2</sup>. Vatnið skiptist í tvo flóa, Syðriflóa sem er um 29 km<sup>2</sup> að stærð og Ytriflóa sem er um 8 km<sup>2</sup>. Innstreymi vatns til Mývatns er að mestu frá lindum, einkum við eystri hluta vatnsins. Útfall Mývatns til Laxár er um Geirastaðaskurð, Miðkvísl og Syðstukvísl.

Upplýsingar um veiði í Mývatni ná aftur til aldamóta 1900. Miklar sveiflur hafa verið í veiði úr vatninu. Þannig var árleg meðalveiði á tímabilinu 1900-2015 samtals 26.375

silungar samkvæmt veiðiskráningum. Veiðin var mest fyrstu árin eftir 1920, þegar hún fór yfir 100 þúsund silunga á ári, en veiði á árunum 1930-1969 var að jafnaði 31.272 silungar. Meðalveiði árána 1970-2016 var 12.810 silungar en meðalveiði 2007-2016 var aðeins 3.678 silungar. Árið 2016 veiddust 1.476 silungar, sem var fækkun um 1.132 silunga frá 2015, þegar 2.608 silungar veiddust.

Miklar veiðitakmarkanir hafa verið í gildi í Mývatni síðustu ár til að draga úr sókn. Frá árinu 2004 voru settar veiðitakmarkanir með fækkun veiðidaga. Frá 2008 hefur verið beitt takmörkun með styttingu á veiðitíma og þá var rýmkaður réttur hvers veiðiréttarhafa til ráðstöfunar á veiðidögum. Í þeim breytingum sem gerðar voru 2008 fólst einnig að veiðiréttarhafi sem skilaði ekki veiðiskýrslu fyrir ákveðinn tíma fengi ekki úthlutað veiðileyfi fyrir næsta ár samkvæmt samþykktum aðalfundar. Á tímabilinu 2008-2010 var ákveðið að mest mættu vera 250 net í vatninu samtímis og skyldu þau skiptast á milli veiðiréttarhafa eftir arðskrá veiðifélagsins. Veiðitímabilið var ákveðið samfellt frá 15. febrúar til 31. ágúst ár hvert. Þann fjölda neta sem hver veiðiréttarhafi hafði leyfi fyrir mátti leggja 40 sinnum innan þess tímabils.

Ákveðið var að árin 2011-2014 væri vetrarveiði eingöngu stunduð á tímabilinu 1.-14. mars. Möskvastærð yrði 43-45 mm og fjöldi neta mest 87 samtímis í vatninu, eða 875 lagnir alls. Frá 15. mars og út veiðitímabilið til 31. ágúst var öll bleikjuveiði óheimil, en veiðiréttarhöfum heimilt að veiða í eigin landhelgi með netum með 50 mm möskva. Heildarsókn var miðuð við 5.000 lagnir og veiði með 250 netum í 20 daga. Allt vatnið var friðað á tímabilinu frá 31. ágúst til 1. mars. Frá 15. mars til loka veiðitíma var almenningur vatnsins friðaður fyrir allri veiði nema dorgveiði, en slík veiði var ótakmörkuð utan netlaga á veiðitímabilinu. Leyfi til dorgveiði í almenningi var í höndum veiðifélagsins.

Veiðireglum var breytt árið 2016 og aftur 2017 og eru þær núna þannig að á tímabilinu 1.-31. mars ár hvert er bleikjuveiði einungis heimil í alls 875 lagnir. Urriðaveiði er heimil í allt að 2500 lagnir, allt að 250 net í 10 daga, á tímabilinu 1. mars til 31. ágúst. Almenningur vatnsins er friðaður fyrir allri veiði nema dorgveiði frá 31. mars út veiði-tímabil hvers árs.

## **5. Sjóarmið nokkurra eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og verða hér á eftir rakin helstu sjóarmið er þar koma fram.

### **5.1 Skútustaðir 2**

Eigendur jarðarinnar taka fram varðandi bakkalengd að ekki sé hægt að meta alla bakka eins. Ekki sé sanngjarnt að bakkar mjög vogskorinnar strandar vegi það sama og bakkar óvogskorinnar strandar. Verði niðurstaða matsnefndar sú að meta beri alla bakka vatnsins eins sé gerð sú krafa að við áður uppgefna bakkalengd jarðarinnar bætist bakkalengd Skipalækjar, sem og Stakhólstjarnar og Stakhóls. Þekkt sé að silungur gangi um Skipalæk á milli Mývatns og Stakhólstjarnar.

Bent sé á mikla og góða nýtingu Skútustaða 2 á veiðirétti sínum allt frá árinu 1930, en á þeim tíma allt til ársins 1970 hafi Skútustaðir notað hvað mest fyrirdrátt við veiðar í vatninu. Slíkar veiðar hafi hins vegar verið bannaðar hin síðari ár og þar sem réttur þessi hafi

verið tekinn af jörðinni án þess að nokkuð kæmi í staðinn sé rétt að það verði bætt með sérstakri uppbót í arðskrá.

Ljóst sé að hrygningarstöðvar í landi jarðarinnar hafi verið stórlega vanmetnar í gildandi arðskrá og þess því krafist að þær verði metnar að verðleikum. Óumdeilt sé að töluverð hrygning, bæði bleikju og urriða, fari fram á landgrunni jarðarinnar, frá mörkum Skútustaða við Álftagerði og allt að Grænalæk. Einnig sé vel þekkt að hluti urriðastofns Syðriflóa gangi upp í Grænalæk á haustin og hrygni þar á landgrunni Skútustaða. Einnig sé vakin athygli á því að einn mesti veikleiki Mývatns sem fiskivatns sé sá að á heitum sumrum hitni vatnið stundum tímabundið upp fyrir það mark sem teljist hitaþol bleikju. Því sé kalt innrennsli í vatnið á þeim stundum gríðarlega mikilvægt. Í vatnið falli einungis eitt vatnsfall, Grænilækur. Hann sé vatnsmikill og vatnið í honum sé bæði næringarríkt og mjög kalt. Lækurinn sé að helmingi í eigu Skútustaða og þurfi að horfa til þess við arðskrámatið.

## 5.2 Garður 1 og 2

Eigendur jarðanna benda á að veiði á hrygningartíma hafi verið eðlilegur og stór þáttur í veiðinytjum jarðarinnar Garðs allt þar til sú veiði hafi verið tekin af jörðinni bótalaust með lagasetningu. Þar sem önnur veiði innan netlaga jarðarinnar hafi ekki verið veruleg hafi veiðimöguleikar jarðarinnar með því í reynd verið takmarkaðir við almenning vatnsins. Ljóst sé að ekkert tillit hafi verið tekið til framangreindrar skerðingar á veiðirétti jarðarinnar, þrátt fyrir að ætla megi að til hennar hafi verið stofnað með hagsmuni allra veiðiréttarhafa við vatnið í huga.

Þá liggi fyrir að hrygningarstöðvum við vatnið hafi víða hrakað, bæði vegna leirburðar að þeim og vegna breytinga á hitastigi vatnslinda. Annað hafi hins vegar verið uppi á teningnum í landi Garðs þar sem þær séu að mestu óspilltar, m.a. vegna verndunaraðgerða landeigenda. Hafi vægi hrygningarstöðvanna í landi Garðs því aukist mjög frá gerð fyrri arðskrár. Þá sé og til þess að líta að stór hluti kaldavatnsinnstreymis til Mývatns komi undan bökkum jarðarinnar. Sé ólíklegt að vægi þessara linda hafi legið jafn ljóst fyrir við gerð gildandi arðskrár og það geri nú og því trúlega ekki haft þar neitt vægi.

Með vísan til framangreinds sé gerð sú skýlausa krafa að hlutur jarðarinnar við gerð þessarar arðskrár verði réttur með umtalsverðri aukningu á hlutdeild hennar í veiðirétti.

## 5.3 Geiteyjarströnd 1, 2 og 3

Í greinargerð eigendanna kemur fram að jörðin Geiteyjarströnd skiptist í tvo hluta, Geiteyjarströnd 1 og hins vegar Geiteyjarströnd 2 og 3. Veiðiréttur fyrir hlutana sé hins vegar sameiginlegur. Samkvæmt núgildandi arðskrá sé veiðiréttur Geiteyjarstrandar 12,89%, en vegna framúrskarandi aðstöðu til veiða og vinnslu, veiðireynslu og vatnbotns jarðarinnar m.t.t. veiða og uppeldisskilyrða sé gerð krafa um aukinn hlut í nýrri arðskrá.

Geiteyjarströnd hafi frá fornu fari verið talin ein helsta veiðijörð við Mývatn. Landlengd jarðarinnar sé um 4,15% af heildarlengd bakka við vatnið en 5,37% þegar litið sé til flatarmáls botns. Þar sé fyrir hendi vegleg aðstaða með bryggjum og reyk húsum til verkunar á silungi. Þá sé aðstaða til neta- og stangveiði mjög góð fyrir landi jarðarinnar og þeim eyjum og hólum er henni tilheyri. Séu netlagnastaðir meðfram allri strandlengjunni. Sé litið til veiðitalna komi glögglega í ljós að umtalsverður hluti veiði í vatninu komi til bryggju á Geiteyjarströnd. Miðað við veiðitölur síðustu öldina sé hlutfallið 20-25% af heildarveiðinni og tæplega 18% á árunum 1985 til 2015.

Strandlengja Geiteyjarstrandar sé mjög mikilvæg fyrir uppeldi og afkomu bleikjustofnsins í Mývatni. Mikið sé þar af köldum uppsprettum, sem taldar séu afar mikilvægar þegar komi að hrygningar- og uppeldisskilyrðum bleikjunnar. Þangað sæki svokallaður hitasilungur í miklum mæli. Þá séu rið meðfram allri strandlengju jarðarinnar.

#### 5.4 Vogar

Eigendur vísa til þess að fyrir allri strönd jarðarinnar séu uppeldisstöðvar silungs, bæði riðstöðvar og einnig uppeldissvæði seiða. Þetta eigi bæði við um bleikju og urriða, en uppeldisstöðvar urriðans fyrir landi jarðarinnar sé þær stærstu í Mývatni. Urriðinn hrygni í volgu straumvatninu og seiðin alist þar upp. Þá skuli og tiltekið að ræktun á urriða hafi átt sér stað í Vogum líklega allt frá því um 1970. Hin síðari ár hafi seiðin verið klakin og alin í sveitinni og þeim sleppt í vatnið að vori.

#### 5.5 Vogar 3

Eigandinn áréttar að sú aðferðafræði sem viðhöfð hafi verið við gerð gildandi yfirmatsgerðar að skipta arðskráreiningum niður á lögbýli standist ekki lög, sbr. nú 1. mgr. 41. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, en þar komi skýrlega fram að arðinum skuli skipt niður á fasteignir. Fyrir liggi að veiðiréttindi jarðarinnar Voga séu enn óskipt þrátt fyrir skiptingu landsins að hluta. Af því leiði að úthluta verði jörðinni Vogum sem heild tilteknu arðskrárhlutfalli. Að öðru leyti vísist um arðskrárgerðina og aðferðafræði við ákvörðun arðseininga til ákvæðis 2. mgr. tilvitnaðrar 41. gr. Varðandi einstaka viðmiðunarþætti sé sérstaklega bent á að nauðsynlegt hljóti að vera að taka fullt tillit til strandlengju allra hólma og eyja í eigu jarðarinnar, s.s. Geiteyjar og Kiðeyjar.

#### 5.6 Reykjahlíð 1, 2 og 3

Í greinargerðum sínum til nefndarinnar benda eigendur á að sú aðferðafræði sem viðhöfð hafi verið við gerð gildandi yfirmatsgerðar að skipta arðskráreiningum niður á lögbýli standist ekki lög, sbr. nú 1. mgr. 41. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, en þar komi skýrlega fram að arðinum skuli skipt niður á fasteignir. Fyrir liggi að veiðiréttindi jarðarinnar Reykjahlíðar séu enn óskipt þrátt fyrir skiptingu landsins að hluta. Af því leiði að úthluta verði jörðinni Reykjahlíð sem heild tilteknu arðskrárhlutfalli.

Að öðru leyti vísist um arðskrárgerðina og aðferðafræði við ákvörðun arðseininga til ákvæðis 2. mgr. tilvitnaðrar 41. gr. Varðandi einstaka viðmiðunarþætti sé sérstaklega bent á að nauðsynlegt hljóti að vera að taka fullt tillit til strandlengju allra hólma og eyja í eigu jarðarinnar, s.s. Geiteyjar og Kiðeyjar.

#### 5.7 Syðri-Neslönd

Einn eigendanna krefst þess að í engu verði skert réttindi jarðarinnar til veiðiréttar í Mývatni og að þau verði fremur aukin með tilliti til langrar strandlengju hennar.

#### 5.8 Geirastaðir, Nónbjarg og Vagnbrekka

Eigendurnir leggja áherslu á að þeir telji að landlengd að Mývatni sé sá matsþáttur sem ráða eigi nánast öllu um úthlutun arðs í veiðifélaginu, að undanskildum þeim hluta sem útdeilt sé með skiptingu á almenningi. Allar forsendur þessa matsþáttar liggi skýrar fyrir.

Varðandi aðstöðu til netaveiði sé vakin athygli á að meirihluti Mývatns, eða um 80%, sé almenningur og því utan netlaga. Ekki sé verulegur munur á aðstöðu einstakra jarða til veiða í almenningi og sé því eðlilegast að skipta þeim hluta vatnsins jafnt á gömlu jarðirnar þrettán sem land eigi að vatninu. Ef gera ætti einhvern mun ætti að hafa í huga að 89,2% bleikju

hafi að meðaltali veiðst í Syðriflóa en 10,8% í Ytriflóa. Skipting urriðaveiðinnar hafi hins vegar verið nokkuð jöfn milli flóanna.

Ljóst sé að vegna mikilla takmarkana á veiðum í mörg ár sé veiðireynsla ekki marktæk og því ónothæf aðferð við skiptingu arðskrár, eins og hátti til í Mývatni nú. Eigi þetta sérstaklega við um síðustu tíu ár, eða þar um bil. Árið 2008 hafi veiðitími verið stytur og síðan 2011 hafi bleikjuveiði verið heimil í mjög takmarkaðan fjölda neta í tvær til fjórar vikur undir ís að vetri. Ekki sé hagkvæmt fyrir þá sem minnstan hlut hafi að stunda veiðarnar. Notkun veiðireynslu síðustu tíu ára við matið þýði að þeirra hlutur minnki hlutfallslega meira en annarra. Skiptar skoðanir hafi verið um friðunaraðgerðir eftir að veiði hafi minnkað. Þeir sem hafi viljað friða mikið hafi a.m.k. sumir veitt minna en þeir hafi þó haft heimild til vegna þess að þeir hafi talið rétt og ábyrgt að haga sér á þann hátt. Notkun veiðireynslu sé illa grunduð og óréttlát refsing gagnvart þessum aðilum.

Þar sem veiði hafi verið bönnuð á sumrin, að undanskilinni veiði á urriða í landhelgi, og einungis sé leyft að veiða í almenningi að vetri, sé óhægt um vik fyrir eigendur sem vinni utan sveitar eða búi annars staðar að nýta sér heimildir sínar. Notkun veiðireynslu minnki heimildir þessara eigenda umfram aðra. Þá liggi fyrir að þar sem aðeins sé nú heimilt að veiða urriða innan netlaga jarða hafi aðstaða eigenda jarða þar sem urriði gangi að sumri batnað á kostnað hinna. Jafnframt hafi sókn þeirra í urriðann aukist, eins og veiðitölur sýni. Megi í því sambandi nefna að árið 2011 hafi urriði verið 65% heildarveiðinnar í vatninu, árið 2012 hafi hlutfallið verið 69% og árið 2013 hafi það verið 62%. Standi bleikja því einungis undir 31-38% heildarveiðinnar þessi ár. Hitt sé svo annað mál að veiddum urriða hafi fækkað mjög hin allra síðustu ár vegna ofveiði og hruns hornsílastofnsins.

Jafnframt sé athygli vakin á því að sá háttur sumra veiðiréttarhafa að framselja eða lána öðrum lagnaleyfi sín kunnir að skekkja veiðiskýrslur. Muni það einkum hafa verið handhafar smærri veiðiheimilda sem hafi lánað handhöfum stærri heimilda svokölluð lagna- eða netaleyfi. Í slíkum tilvikum sé óljóst hvar afli sem fengist hafi í „lánuðu netin“ hafi verið skráður.

Varðandi hrygningar- og uppeldisskilyrði taka eigendurnir fram að erfitt sé að láta þennan þátt vega svo nokkru nemi þar sem nánast engar rannsóknarniðurstöður séu fyrir hendi til að byggja á. Ekkert búsvæðamat liggi fyrir, enda ljóst að erfitt geti verið að vinna það vegna sveiflna í lífríkinu og eins hafi það þótt of dýrt. Þá veiti fyrirbyggjandi skýrsla um silungarannsóknir í Mývatni árin 1986-1990 litlar upplýsingar. Skýrslan sé nær þriggja áratuga gömul og ljóst að frá gerð hennar hafi miklar sveiflur einkennt lífríki vatnsins. Þannig hafi rannsóknir til dæmis sýnt að gróður á botni þess hafi hörfað á stórum svæðum.

## **5.9 Haganes, Geirastaðir og Nónbjarg**

Eigendur jarðanna krefjast þess að lagt verði til grundvallar við arðskrárgerðina að ós Laxár úr Mývatni teljist vera á Rifinu, eins og tilgreint sé í samþykktum veiðifélagsins og sýnt sé með grænu striki á loftmynd sem fylgi bréfinu.

## **6. Viðbótarsjónarmið nokkurra veiðiréttarhafa**

Í tilefni af sjónarmiðum sem fram komu í bréfum talsmanna Reykjahlíðar 1, 2 og 3 og Voga 3, um að „aðferðafræði sú sem viðhöfð var við vinnu að [gildandi] aðskrá að skipta arðskráreiningum niður á lögbýli en ekki fasteignir stenst ekki lög, sbr. nú 1. mgr. 41. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006“, leitaði matsnefnd eftir sjónarmiðum annarra veiðiréttareigenda þar að lútandi.

Í bréfi eiganda jarðarinnar Vindbelgs kemur fram sú skoðun „að úthlutun veiðiréttar í Mývatni skuli fara eftir eignarhlut (bakkalengd)“ og skuli deila honum niður á „gömlu jarðirnar“ sem átt hafi land að vatninu, þrettán talsins. Þar sem jörðum hafi verið skipt niður í hluta og margir eigendur komi að verði eigendurnir sjálfir að skipta veiðirétti gömlu jarðarinnar á milli sín eftir eignarhaldi hvers og eins.

Talsmenn Geiteyjarstrandar 1, 2 og 3 segjast og vera sammála því að veiðiréttinum verði skipt niður á „gömlu jarðirnar 13 án tillits til fjölda lögbýla innan hverrar jarðar“.

Undir þetta sjónarmið tekur og talsmaður Ytri-Neslanda og tekur fram að það komi „arðskrá ekkert við hvað mörg býli eru á jörðinni eða hvað veiðst hefur frá hverju býli.“

Svipuð afstaða kemur fram í bréfi eigenda Garðs 1 og 2, en þar segir m.a. að úthluta verði einstökum jörðum sem land eigi að Mývatni hlutdeild í veiðirétti. „Þannig hafi landskipti eða stofnun nýrra lögbýla innan jarða ekki gildi að þessu leyti nema sá gerningur leiði með ótvíræðum hætti til afmarkaðrar eignamyndunar innan netlaga.“ Jafnframt er í bréfinu lýst þeirri afstöðu að við gerð arðskrár skuli öllum veiðirétti í vatninu skipt milli landeigenda á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lýst er í 41. gr. laga nr. 61/2006, enda „hlýtur þá hver jörð að fá sinn réttmæta skerf bæði úr sinni eigin landhelgi og almenningi.“ Ekki eigi því að viðhafa þá aðferð sem beitt hafi verið við gerð gildandi arðskrár að „meta sérstaklega veiðiverðmæti almennings vatnsins og úthluta þeim að hluta jafnt á þá sem hlutdeild voru taldir eiga, án þess að taka tillit til stærðar eða gæða þeirrar landhelgiseignar sem veiðiréttur í almenningnum þó byggir á.“

Þá segir m.a. í bréfi veiðiréttarhafa Skútustaða svo: „Aldrei var gert opinbert hvaða aðferðafræði lá að baki [arðskrármatinu 1986]. Þó virðist glöggum mönnum að fyrst hafi nefndin tekið 36% af veiðiréttinum og úthlutað 1% á hvern veiðiréttarhafa. Síðan hafi þeim 64% sem eftir stóðu verið úthlutað þar ofan á eftir hefðbundnari leiðum. Við teljum að réttlátast sé að úthluta öllum 100% af veiðiréttinum eftir hefðbundnum leiðum.“

Loks er lýst því sjónarmiði í bréfi eigenda Geirastaða, Nónbjargs og Vagnbrekku að matsnefnd þurfi að byrja á því að úthluta veiðirétti til gömlu jarðanna þrettán, sem sýndar séu á korti með bakkalengdarmælingum. Síðan þurfi að skipta því sem í hlut hverrar jarðar komi á milli eigenda lögbýla/fasteigna eftir eignarhlutfalli, þar sem um slíkt sé að ræða.

## **7. Skipting arðs**

### **7.1 Almennt**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 10. gr. samþykktar fyrir Veiðifélag Mývatns segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Með yfirmatsgerð um ós Laxár úr Mývatni, dags. 22. september 1975, var komist að þeirri niðurstöðu að árósin væri við Mjósund og að Ytri-Breiða teldist þar með hluti Mývatns. Áður mun hins vegar hafa verið út frá því gengið að ósin væri við Rifið milli Haganeslands og Geirastaðalands og að Ytri-Breiða teldist því neðan óssins. Þrátt fyrir framangreinda matsgerð var það niðurstaða yfirmatsnefndar við gerð gildandi arðskrár haustið 1986 að



arðskráin skyldi ekki taka til Ytri-Breiðu, þar sem hvorki hefðu verið lagðar fyrir nefndina upplýsingar um veiði á því svæði né mæling á bakkalengd þess.

Við ákvörðun á því hvernig með þetta skuli fara í mati þessu horfir matsnefnd auk framangreinds til þess að skýrt kemur fram í 3. gr. samþykktar Veiðifélags Mývatns frá árinu 2007 að félagssvæðið takmarkist að þessu leyti af Rifinu milli Haganeslands og Geirastaðalands, auk þess sem fyrirbyggjandi bakkalengdarmæling er og á því byggð.

Að þessu virtu er það niðurstaða matsnefndar að arðskráin skuli eftir sem áður miðast við Rifið milli Haganeslands og Geirastaðalands og taki því ekki til Ytri-Breiðu.

Eins og rakið er í kafla 3 er í 3. gr. samþykktar veiðifélagsins tilgreint að félagsmenn þess séu skráðir eigendur/ábúendur tilgreindra 38 jarða og landareigna sem land eiga að Mývatni, sem eru þær sömu og fengu arðsúthlutun samkvæmt gildandi yfirmatsgerð. Þá er og áður tiltekið í kafla 6 að nokkrir eigenda þessara lögbýla hafi á það bent að „gömlu jörðunum“ sem land hafi átt að vatninu, alls þrettán talsins, hafi í mörgum tilvikum verið skipt upp í nokkur lögbýli án þess að sjálfgefið sé að hlutfallslegur veiðiréttur hafi þar fylgt með. Hljóti því í alla staði að teljast eðlilegast, og í bestu samræmi við að arði skuli skipt niður á fasteignir, sbr. ákv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, að arðinum verði skipt niður á þær jarðir sem hinum úrskiptu lögbýlum hafi verið skipt úr í stað þess að úthluta honum á hvert þessara lögbýla fyrir sig. Voru þessi sjónarmið kynnt fyrir öllum veiðiréttarhöfum og þeim gefinn kostur á að bregðast við án þess að gagnstæð rök kæmu fram.

Að því virtu, og þegar einnig er til þess horft að fyrirbyggjandi bakkalengdarmælingar miðast alfarið við eignarhlut hinna gömlu jarða við vatnið, er það niðurstaða matsnefndar að skipta skuli arði vegna veiði í Mývatni á þær þrettán jarðir sem áttu land að vatninu og nefndar hafa verið gömlu jarðirnar. Hafi samningar verið gerðir um skiptingu lands úr þessum jörðum ræðst það af innhaldi hvers og eins samnings hvort og þá með hvað hætti koma skuli til frekari skiptingar á veiðirétti viðkomandi jarðar.

Í 6. gr. laga nr. 61/2006 kemur fram að fasteignaeigendum er land eigi að stöðuvatni sé einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þar með talin dorgveiði um ís, og að hún sé þeim öllum jafnheimil. Er það niðurstaða matsnefndar, að virtum ákvæðum 6. og 8. gr. laga nr. 61/2006, og einnig með hliðsjón af dómi Hæstaréttar 1971, bls. 1137, mál nr. 193/1970, að framangreint orðalag feli það í sér að aðgangur til veiða í almenningnum sé öllum landeigendum jafnheimill, að enginn geti átt þar forgang umfram annan, og að skipta beri arði af veiðum í almenningi Mývatns á sömu forsendum og veiði annars staðar í vatninu, þ.e. með hliðsjón af bakkalengd jarða, aðstöðu til veiði, hrygningar- og uppeldisskilyrðum og öðrum þáttum sem til mats kunna að koma.

Í gildandi arðskrá yfirmatsnefndar frá árinu 1986 er tiltekið að eigendum og umráðamönnum tilgreindra 19 lögbýla sem ekki eigi lönd að Mývatni, svokölluðum „utanvatnsbakkabændum“, sé úthlutað veiði í vatninu þannig að hverju lögbýli sé heimil veiði í almenningi Mývatns með einni dorg, einn dag í viku hverri frá 1. mars þar til ísa leysir. Var sú niðurstaða byggð á ákv. 2. mgr. 8. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þar sem sagði svo: „Nú hefur dorgveiði um ís verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.“ Með hliðsjón af þessu ákvað matsnefnd að gefa eigendum þessara jarða og veiðifélaginu kost á að lýsa sjónarmiðum sínum um það hvort eigendunum bæri sams konar réttur við gerð arðskrár nú. Með svarbréfi meirihluta þessara eigenda, dags. 17. apríl

2018, var þess óskað að umrædd réttindi myndu haldast „að minnsta kosti óbreytt í nýju mati sem nú er unnið að.“ Kemur í bréfinu m.a. fram að svo langt sem elstu menn muni og reyndar lengra aftur hafi sú hefð verið við Mývatn að heimili sem ekki áttu land að vatninu gætu sent þangað fulltrúa sinn á dorg. Þá kemur fram í svari formanns veiðifélagsins vegna þessa að stjórn félagsins sé ekki kunnugt um að „utanvatnsbakkabændur“ hafi nýtt sér þennan rétt sinn að nokkru marki. Jafnframt árétti veiðifélagið þá skoðun sína að ekki eigi að úthluta veiðirétti til jarða eða lögbýla sem ekki eigi land að Mývatni. Vissulega sé fyrir því ákveðin hefð en vandséð hvernig draga ætti slíka línu, enda hafi vatnið í gegnum aldirnar verið sótt víða að, en ekki aðeins frá bæjum innan Skútustaðahrepps. Rétt sé þó að nefna að ekkert sé því til fyrirstöðu að samið sé um veiðirétt að einhverju tagi, þrátt fyrir þá skoðun veiðifélagsins að hann eigi sér engan stað í nýrri arðskrá.

Eftir setningu nýrra laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er þar ekki að finna samsvarandi ákvæði og fyrrgreint ákv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 76/1970, þó enn sem fyrr komi þar fram, sbr. 2. ml. 6. gr., að ef forn venja sé til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum fasteignum gildi sú skipan mála. Að þessu gættu, og þar sem matsnefnd telur það ekki falla undir valdsvið sitt heldur dómstóla að úrskurða um það hvort sönnur hafi verið færðar á staðhæfingar um tilvist fornar venju um veiði umræddra jarða í almenningi Mývatns, er það niðurstaða nefndarinnar að hafna skuli kröfum „utanvatnsbakkabænda“ um úthlutun arðseininga í arðskrá þessari.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 skal við niðurbjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurbjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Í arðskrá þessari er hafður sá háttur á að 10.000 einingar koma til skipta. Í köflum 7.2, 7.3 og 7.4 er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Þá er gerð grein fyrir heildarúthlutun arðseininga í kafla 8.

## **7.2 Aðstaða til veiði**

Eins og rakið er í kafla 5 dróst veiði í Mývatni mjög saman er líða tók á tuttugustu öldina og í viðleitni til að sporna við þeirri þróun var farið að huga að sérstökum veiðitakmörkunum til viðbótar við lögákveðnar friðunaraðgerðir. Þannig var komið á sóknarmarki við veiðarnar í kringum 1970 og netum fækkað. Hefur þessi þróun síðan haldið stöðugt áfram með auknum veiðitakmörkunum en samhliða hefur veiði þó stöðugt farið minnkandi. Hefur þessi þróun aftur haft þær afleiðingar að sífellt færri hafa séð sér hag í að leggja stund á veiðarnar. Af þessu leiðir að mjög erfitt er að horfa til þessa viðmiðunarþáttar í þeim mæli sem hefðbundið er við skiptingu arðs, sérstaklega til veiðitalna hin síðari ár. Fyrir liggur yfirlit yfir fjölda veiddra silunga á hverri jörð fyrir sig á árunum 1985 til 2015 og yfirlit vegna veiði á árunum 1920 til 1960. Með hliðsjón af þessu telur matsnefnd hæfilegt að úthluta samtals 4.000 einingum vegna þessara þáttar. Skiptast þær þannig að 800 einingum er úthlutað vegna veiði á einstökum jörðum 1985-2015 og 3.200 einingum vegna veiði 1920-1960.

## **7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Matsnefnd hefur við mat á vægi þessa viðmiðunarþáttar byggt á mælingum sérfræðinga á lengd vatnsbakka. Hins vegar hefur nefndin lagt sjálfstætt mat á gildi mældra

lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæði þeir eru og með tilliti til annarra aðstæðna, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi bakka við úthlutun eininga.

Í málinu liggja fyrir mælingar á bökkum Mývatns, sem unnar voru sérstaklega fyrir veiðifélagið í tilefni af gerð arskrár þessarar. Má þar sjá á loftmyndum sem fylgja mælingunum að mældir hafi verið bakkar „gömlu jarðanna“, sbr. kafla 7.1 hér að framan, og að auk mælinga á bakka jarðanna, þ.e. strandlengjunni sjálfri, hafi jafnframt verið mældir bakkar tilgreindra eyja, sem tilheyrja hverri þessara jarða fyrir sig. Því til viðbótar var og mæld heildarstærð vatnsyfirborðs í allt að 115 m fjarlægð frá vatnsbakka hverrar jarðar, þ.e. flatarmál netlaga jarðarinnar.

Það er niðurstaða matsnefndar, m.a. með tilliti til þess hversu vogskorin strandlengja vatnsins er og með tilliti til fjölda og stærðar mældra eyja, að meta beri sjálfstætt vægi bakka hverrar jarðar fyrir sig. Ákveðst vægi bakka einstakra jarða og eyja þeim tilheyrandi sem hér segir:

Haganes 0,9, Álftagerði 0,8, Skútustaðir 0,9, Garður 0,85, Kálfaströnd 0,35, Geiteyjarströnd 0,9, Vogar 0,6, Reykjahlíð 0,6, Grímsstaðir 0,65, Syðri-Neslönd 0,8, Ytri-Neslönd 0,75, Vindbelgur 1,0 og Geirastaðir 1,0.

Samtals verður 5.000 einingum úthlutað vegna bakkalengdar, að teknu tilliti til framangreinds vægis bakka hverrar jarðar fyrir sig.

#### **7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Ekki hefur verið gert sérstakt mat á búsvæðum fyrir Mývatn, þar sem landi hverrar jarðar eru gefnar svonefndar framleiðslueiningar. Hins vegar liggja fyrir í málinu skýrslur fiskifræðinga um rannsóknir þeirra á silungnum í vatninu. Verður af þeim ráðið að riðstöðvar séu betri á sumum svæðum í vatninu en öðrum og að hrygningarstöðvar bleikju séu þar sem einhverra áhrifa kaldra linda eða strauma gætir og botngerð sé hagstæð, þ.e. grófur malarbotn. Séu stærstu hrygningarstöðvar bleikjunnar við Geiteyjarströnd, en einnig verður ráðið að stórar hrygningarstöðvar séu við land Garðs, Kálfastrandar og Voga.

Að virtum fyrirliggjandi gögnum telur matsnefnd hæfilegt að 1.000 einingar komi til úthlutunar vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða og má sjá skiptingu þeirra á jarðir í kafla 8.

#### **7.5 Aðrar kröfur**

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum, er hafnað.

## 8. Skipting eininga

	veiði	landlengd	búsvæði	alls
Haganes	144	378	-	522
Álftagerði	339	154	50	543
Skútustaðir	413	516	50	979
Garður	277	374	200	851
Kálfaströnd	304	605	250	1.159
Geiteyjarströnd	841	280	250	1.371
Vogar	465	433	100	998
Reykjahlíð	358	700	-	1.058
Grímsstaðir	125	333	-	458
Syðri-Neslönd	130	411	-	541
Ytri-Neslönd	174	316	-	490
Vindbelgur	295	398	-	693
Geirastaðir	135	102	100	337
	4.000	5.000	1.000	10.000

## 9. Kostnaður, gildistaka o.fl.

Allur kostnaður af mati þessu, 5.990.234 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Mývatns og rennur í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

## Úrskurðarorð:

### Arðskrá fyrir Veðifélag Mývatns skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Haganes	522
Álftagerði	543
Skútustaðir	979
Garður	851
Kálfaströnd	1.159
Geiteyjarströnd	1.371
Vogar	998
Reykjahlíð	1.058
Grímsstaðir	458
Syðri-Neslönd	541
Ytri-Neslönd	490
Vindbelgur	693
Geirastaðir	337
Alls	10.000

Reykjavík 6. desember 2018

Hulda Rós Rúriksdóttir  
sign.

Ásgeir Magnússon  
sign.

Magnús Ólafsson  
sign.

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Veiðitölur 1920-1960, skipt niður á jarðir.
2. Veiðitölur 1985-2015, skipt niður á jarðir.

### B. Gögn um land og búsvæði

1. Bakkalengdarmælingar, yfirlitsmyndir.
2. Silungsrannsóknir í Mývatni 1986-1990, Guðni Guðbergsson, Veiðimálastofnun í maí 1991. VSMT-R/91013X.
3. Silungurinn í Mývatni, yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2015, Guðni Guðbergsson, Veiðimálastofnun. VMST/16006.
4. Silungurinn í Mývatni, yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2016. Hafrannsóknastofnun.

### C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélag Mývatns, staðfest af landbúnaðarráðuneyti 25. maí 1978.
2. Yfirmatsgerð, dags. 4. september 1986.

### D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf Árna Halldórssonar í Garði, Mývatnssveit, dags. 11. mars 2016, ásamt fylgiskjöllum:  
- Skrá yfir riðadrætti í landi Garðs eftir munnlegri frásögn Árna Halldórssonar í Garði 12. september 2016. Árni Einarsson skráði með loftmyndir við höndina.
2. Bréf eigenda Haganess, Geirastaða og Nónbjargs, móttekið 14. nóvember 2017.
3. Bréf Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur, fyrir hönd landeigenda Voga, móttekið 28. nóvember 2017.
4. Bréf Gylfa Hrafnkels Yngvasonar og Björns Gunnars Yngvasonar, fyrir hönd Skútustaða 2, móttekið 28. nóvember 2017.
5. Bréf Halldórs Árnasonar og Kára Þorgrímssonar, eigenda Garðs 1 og 2, móttekið 28. nóvember 2017.
6. Greinargerð eigenda Geiteyjarstrandar 1, 2 og 3, móttekin 28. nóvember 2017.
7. Bréf Sigurðar J. Þorbergssonar fyrir hönd eigenda Reykjahlíðar 2, móttekið 23. nóvember 2017.
8. Bréf Ólafs H. Jónssonar, fyrir hönd eigenda Reykjahlíðar 3, móttekið 23. nóvember 2017.
9. Bréf Tómasar Tryggvasonar, eins eigenda Syðri-Neslanda, móttekið 17. nóvember 2017.
10. Bréf eigenda Geirastaða, Nónbjargs og Vagnbrekku, móttekið 22. nóvember 2017.
11. Bréf lögmanns, fyrir hönd Jóns Inga Hinrikssonar, eigenda Voga 3, móttekið 22. nóvember 2017.
12. Bréf lögmanns, fyrir hönd Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur, eigenda Reykjahlíðar 1, móttekið 22. nóvember 2017.
13. Bréf Stefáns Finnbogasonar og Braga Finnbogasonar, fyrir hönd eigenda Geirastaða og Nónbjargs, og Egils A. Freysteinsonar, fyrir hönd eigenda Vagnbrekku, móttekið 22. nóvember 2017.
14. Bréf lögmanns Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur, Jóns Inga Hinrikssonar og R3 ehf., móttekið 23. apríl 2018.
15. Bréf „utanvatnsbakkabænda“ til matsnefndar, móttekið 23. apríl 2018.
16. Bréf Álfðísar Stefánsdóttur vegna Ytri-Neslanda, móttekið 14. maí 2018.
17. Bréf Valgeirs Guðmundssonar vegna Vindbelgs, móttekið 25. maí 2018.
18. Bréf Halldórs Árnasonar og Kára Þorgrímssonar vegna Garðs 1 og 2, móttekið 25. maí 2018.
19. Bréf Héðins Sverrissonar og Þorsteins Aðalsteinssonar, vegna Geiteyjarstrandar 1, 2 og 3, móttekið 25. maí 2018.
20. Bréf eigenda Geirastaða, Nónbjargs og Vagnbrekku, móttekið 28. maí 2018.
21. Bréf eigenda Geiteyjarstrandar 2 og 3, móttekið 29. maí 2018.
22. Bréf eigenda Skútustaða, móttekið 30. maí 2018.

### E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf lögmanns Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur, Jóns Inga Hinrikssonar og Birnu Björnsdóttur, móttekið 12. mars 2013. Beiðni um arðskrá.
2. Bréf matsnefndar, dags. 5. apríl 2013. Staðfesting á móttökubeiðni.
3. Úrskurður matsnefndar vegna beiðni um endurskoðun arðskrár, dags. 26. september 2013.
4. Tölvupóstur lögmanns matsbeiðenda 7. október 2013.
5. Bréf matsnefndar til lögmanns matsbeiðenda, dags. 16. október 2013. Endurupptaka máls.
6. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 12. maí 2014. Beiðni um gögn.

7. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 29. september 2014. Ítrekuð beiðni um gögn.
8. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 13. maí 2015. Beiðni um gögn.
9. Bréf matsnefndar til matsbeiðenda, dags. 13. maí 2015.
10. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 4. janúar 2016. Ábendingar vegna bakkalengdarmælingar.
11. Bréf stjórnar veiðifélags til matsnefndar, dags. 6. apríl 2016. Fyrirspurn vegna gagnaöflunar fyrir arðskrárgerð.
12. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 25. maí 2016. Svör vegna fyrirspurnar veiðifélags.
13. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélags, dags. 26. maí 2017. Tilkynning um fyrirtöku máls á fundi veiðifélags 20. september 2017.
14. Fundargerð matsnefndar vegna fundar með veiðiréttarhöfum 20. september 2017.
15. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 17. október 2017.
16. Bréf matsnefndar til stjórnar veiðifélags, dags. 14. febrúar 2018.
17. Bréf matsnefndar til Sigurðar Jónasar Þorbergssonar, dags. 3. apríl 2018.
18. Bréf matsnefndar til lögmans matsbeiðenda, dags. 3. apríl 2018.
19. Bréf matsnefndar til R3 ehf., dags. 3. apríl 2018.
20. Bréf matsnefndar til „utanvatnsbakkabænda“, dags. 4. apríl 2018.
21. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 21. apríl 2018.
22. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 7. maí 2018.
23. Tölvupóstur Veiðifélags Mývatns 13. ágúst 2018.
24. Samþykkt fyrir Veiðifélag Mývatns, birt í B-deild Stjórnartíðinda 21. nóvember 2007.
25. Listi frá formanni veiðifélags yfir veiðiréttareigendur í félaginu.
26. Rekstrarreikningur 2013-2014.
27. Fundargerð aðalfundar veiðifélagsins 19. janúar 2017.